

## Lögreglan í Rangárvallasýslu og hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Útivistartími barna

**Börn 12 ára og yngri** mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 frá 1.september til 1.maí (vetur) og eftir kl.22.00 frá 1.maí til 1.september (sumar) nema í fylgd með fullorðnum.

**Börn á aldrinum 13 til 16 ára** mega ekki vera á almannafæri eftir kl.22.00 frá 1. september til 1.maí (vetur) og kl. 24.00 frá 1.maí til 1.september (sumar) nema í fylgd með fullorðnum eða um sé að ræða beina heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu

### Aðgangur barna og ungmenna að dansleikjum og öðrum skemmtunum

**Börnum yngri en 16 ára** er óheimill aðgangur og dvöl á dansleikjum öðrum en sérstökum unglinga- og fjölskylduskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum þeim sem til þess hafa leyfi. Miða skal aldur við fæðingarár.

**Börnum eða ungmennum innan 18 aldurs** er óheimill aðgangur og dvöl á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema í fylgd með foreldri, öðrum forsjáaðila eða maka. Miða skal aldur við fæðingardag.

**Ungmenni innan 18 ára aldurs** mega ekki starfa á stöðum sem hafa leyfi til áfengisveitinga nema það sé liður í viðurkenndu iðnnámi.